

## 134. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 6. desember 2010, kl. 20:00 á 3. hæð ráðhússins, Hafnargötu 3.

Mætt voru: Hermundur Pálsson, Lára Gunnarsdóttir, Hinrik Hjartarson, Ásgeir Gunnar Jónsson og Katrín Gísladóttir. Auk þess sátu fundinn Þorbergur Bæringsson slökkviliðsstjóri og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Bókhöfundustígur 7, niðurrif og nýbygging á lóð.  
Sigurjón Jónsson sækir um f.h. Katrínar Sigurjónsdóttur leyfi til að rífa húsið við Bókhöfundustíg 7 og byggja nýtt íbúðahús á lóðinni, sbr. teikningar dags. 15.11. og 1.12.2010.  
Nefndin leggur til að port verði lækkað um 30 sm og mænishæð hækkuð um 30 sm og að gólfkóti hússins verði 24,60 m. Æskilegt væri að fækka gluggum á neðri hæð, á norðvestur gaflí hússins.
2. Deiliskipulagið Stykkishólmur Borg, deiliskipulagsbreyting.  
Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu á deiliskipulagi Borgar dags. 22.02.2007. Tillagan felst í að fella út íbúðarhúsalóð B á skipulaginu (Skúlagötu 23), og í staðinn verði svæðið grænt svæði, sbr. tillögu dags. 30.11. 2010. Erindi að fella lóð nr. 23 út af skipulagi var vísað af bæjarráðfundi til skipulags- og bygginganefndar.  
Nefndin leggur til að lóðin að Skúlagötu 23 verði ekki tekin út af skipulagi að svo stöddu máli, en jafnframt verði á næstu mánuðum unnar myndir frá ýmsum sjónarhornum, þar sem hús verður teiknað inná lóðina þannig að hægt verði að meta hvaða áhrif hús á þessum stað, með tilliti til svæðisins og sjónarhorna. Svæðið er einstakt og því teljum við rétt að standa faglega að málum og meta áhrifin á þennan máta.
3. Lágholt 11. Breyta heimagistingu /íbúðarhúsi í gistiskála/atvinnuhúsnaði.  
Egill Egilsson sækir um f.h. Gagnleysu ehf að breyta heimagistinu í gistiskála og fjölga bílastæðum á lóð, sbr. umsókn dags. 30.11.2010.  
Nefndin samþykkir að erindið verði grenndarkynnt fyrir Lágholti nr. 6,7,8,9,10,13 og nr.19a.
4. Borgarbraut 1, skyndibitastaður.  
Egill Egilsson sækir um f.h. Gagnleysu ehf að starfrækja skyndibitastað í verslunarhúsnaðinu við Borgarbraut nr. 1, sbr. umsókn dags. 30.11. 2010.  
Nefndin leggur til að erindið verði samþykkt af uppfylltum skilyrðum.

5. Aðalgata 8, niðurrif á skorsteini.  
Sævar Harðarson/Skipavík ehf sækir um f.h. Farfuglaheimilisins Sjónarhóls ehf, að fjarlægja utanálíggjandi skorstein., sbr. tölvupósti dags. 22.11. 2010.  
Erindi samþykkt.
6. Sundabakki 10A, hringstigi við svalir.  
Ásgeir Gunnar Jónsson sækir um að setja hringstiga sunnan megin við svalir hússins að Sundabakka 10A, sbr. erindi og teikning dags. 2.12.2010.  
Erindi samþykkt.  
  
Ásgeir Gunnar vék af fundi við lið nr. 6.
7. Frístundabyggð, deiliskipulag.  
Bæjarráðsfulltrúar L listans leggja til að skipulagt verði svæði fyrir frístundahús, til almennrar úthlutunar, við Arnarborg norðaustan við það svæði sem Skipavík hefur til umráða. Tillögu vísað af bæjarráði til skipulags- og bygginganefndar.  
Nefndin tekur jákvætt í að svæðið verði skipulagt en bendir þó á að vegna legu landsins verða lóðir fáar og framkvæmdir kostnaðarsamar.
8. Frístundabúskapur, deiliskipulagstillaga.  
Lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagstillögu fyrir frístundabúskap í Stykkishólmi dags. 19.11.2010.  
Tillaga lögð fram til kynningar og rædd.
9. Hestúsabyggð, deiliskipulagstillaga.  
Lögð fram til kynningar drög að deiliskipulagstillögu fyrir svæði Hesteigendafélagsins Fákaborgar í Stykkishólmi dags. 5.11.2010.  
Tillaga lögð fram til kynningar og rædd.
10. Deiliskipulagstillaga á Þinghúshöfða, fornleifaskráning.  
Lögð fram fornleifaskráning á deiliskipulagssvæði Þinghúshöfðans unna af Fornleifastofnun Íslands mótt. dags. 06.12.2010.

B.V.